



91. fundur Háskólaráðs Háskólans á Hólum (HH)

26. janúar 2023 kl. 16:30-17:58, á Teams

**Fundinn sátu:** Hólmfríður Sveinsdóttir (rektor), Guðrún Stefánsdóttir, Jón E. Friðriksson, Róbert Smári Gunnarsson (fulltrúi nemanda), Sveinn Margeirsson og Sigríður Sigurðardóttir, sem ritaði fundargjörð.

1. **Dagskrá** var lög fram og samþykkt.
2. Samþykkt 90. **fundargerðar** var frestað til næsta fundar.
3. **Rekstur** – fjármál skólans. Í greinargerð sem var send Háskóla-, viðskipta-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneyti (HVIN) þann 7. des. 2022 var leitað eftir fjárstuðningi vegna sjö viðfangsefna. Ráðuneytið varð við bón gagnvart tveimur þeirra og veitir skólanum 16,2 millj. kr. í aukafjárveitingu af fjárlagalið 17-298: 7,2 millj. kr. til að efna skuldbindingar við starfsmenn og 9 millj. kr. til að verkefnaáða sérfræðing á fjármálasviði. Sá sérfræðingur á meðal annars að sjá um úrlausn gagnvart Nemendagörðum, uppsetningu skólabús, skuldum fyrrum Ferðapjónustunnar á Hólum, samninga og fleira. Skuldir Ferðapjónustunnar verða skoðaðar með fleiri aðilum og önnur viðfangsefni sem óskað var eftir stuðningi við á að skoða betur. Guðrún Stefánsdóttir lagði til að Hestfræðideildin yrði frá upphafi höfð með í ráðum um uppsetningu skólabúsins.

Ráðuneytið var einnig beðið um að endurskoða og hækka texta fyrir nám í hestafræðum og lagt var til að teymi starfsmanna HH og HVIN myndi rýna í það og kanna möguleika/rökstuðning til hækkunar.

#### 4. **Húsnæðismál**

Gjafaafsali til **Hólalax** er lokið og húsnæðið orðið eign ríkisins í umsjá HH. Sótt hefur verið um lóð fyrir nýtt húsnæði til skipulagsnefndar Skagafjarðar. Lóðin sem sótt hefur verið um er við Borgarsíðu á Sauðárkróki, austan við bensínstöð Olís og norðan við hús Vegagerðarinnar.

**Aðalbyggingin.** Rektor átti símtal við starfsmann Stoð í síðustu viku. Starfsmenn Stoð komu og gerðu nýjar mælingar. Nýjar mælingar á aðalbyggingu skólans sýndu að staðan á 4. hæð hefur batnað eftir að tækjum til að bæta loftið var komið fyrir. Ástandið er verst við stigagang á samskeytum á milli eldri og yngri húshluta. Rannsóknarhluta þess ferils sem nú er í gangi á að skila í mars og áætlað að útboðshlutanum verði skilað í maí.

**Brúnastaðir.** Teymi HH og HVIN vinnur að því að skoða möguleika á kaupum á húsinu eða endurskoðun samninga við Hesthóla ehf.

#### 5. **Starfsmannamál.** Þessir starfsmenn hafa verið ráðnir að skólanum:

Amber Christina Monroe - ráðin í starf alþjóðafulltrúa frá og með 1. janúar sl.

Arndís Brynjólfssdóttir – ráðin tímabundið í starf reiðkennara frá og með janúar 2023.

Ágúst Guðbjargarson - ráðin í starf búsmanns frá og með janúar 2023

Áskell Heiðar Ásgeirsson - ráðinn í starf lektors í viðburðarstjórnun frá og með janúar.

Heiðrún Eymundsdóttir – ráðin í starf reiðkennara frá og með janúar 2023

Ingunn Ingólfssdóttir - ráðin í starf reiðkennara frá og með janúar 2023.  
Lára Gunnar Magnúsdóttir - ráðin í starf kennslustjóra frá og með 1. febrúar nk.  
Ragnheiður Ásta Birgisdóttir - verkefnaráðinn sérfræðingur á fjármálasviði.  
Snorri Jóhannesson - ráðin tímabundið í starf búsmanns frá og með janúar 2023.

Ráðningarferli er í gangi í starf staðarumsjónarmanns.

## 6. Samstarf

Hábrún og ÍS-47 hafa áhuga á samstarfi við skólann og nýta Hólalax til rannsókna og eldis á regnbogasilungi Þörungamiðstöð Íslands á Reykhólum sem er í eigu Þörungaverksmiðjunnar og Byggðastofnunar hefur einnig áhuga á samstarfi við skólann á sviði rannsókna og kennslu í sjávarþörungum.

## 7. Ný verkefni - Samstarfssjóður háskólanna veitti HH fjármagn til þriggja verkefna sem öll eru hugsuð til útvíkkunar á núverandi fræðasviðum.

**Sameiginleg námslína í ferðamálafræði** – kr. 21.400.000. Samstarfsaðilar: Háskóli Íslands, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Samtök ferðapjónustunnar.

**Akademía íslenska hestsins** - kr. 21.900.000. Samstarfsaðilar: Landbúnaðarháskóli Íslands og Tilraunastöð Háskóla Íslands.

**Sjálfbært eldi, ræktun og nýting lagarlífvera á Íslandi: Uppbygging náms og rannsókna** - kr. 57.800.000. Samstarfsaðilar: Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólasetur Vestfjarða, Hafrannsóknastofnun, Matís og Náttúruminjasafn Íslands.

Auk þessara verkefna er skólinn í samstarfi við ýmsa skóla í fleiri verkefnum sem hlutu styrki úr sjóðnum.

## 8. Önnur mál.

Rektor kynnti stöðu Rannsóknarsjóð HH. Reglur eru enn í drögum og úthlutunarreglur þarf að vinna. Rannsóknarsjóðsauglýsingu hefur verið frestað til 1. september.

Rætt var um Hjaltadalsveg og rektor ætlar að ræða við forstöðumann Vegagerðarinnar um hann.

Fram kom að unnið er að uppfærslu á reglum um framgang akademískra starfsmanna hjá HH.

Rektor kynnti hugmynd um að endurhanna merki skólans og var samþykkt að hana ætti að skoða betur.